

Skattavakt PwC

Fréttabréf Skatta- og lögfræðisviðs

6. tölublað 2013

Skattavaktin er mánaðarlegt fréttabréf PwC þar sem sérfræðingar á Skatta- og lögfræðisviði félagsins skrifa um athyglisvert efni tengt skattarétti. Leitast er við að gera grein fyrir nýju efni, hvort sem um er að ræða dóma, lög, frumvörp, úrskurði eða stjórnvaldsákvarðanir.

pwc

Efnisyfirlit

Héraðsdómur Reykjavíkur í máli nr. E-2478/2012

Í málinu var deilt um það hvort lagaskilyrði fyrir yfirfærslu rekstrartaps við samruna hefðu verið uppfyllt.

Héraðsdómur Reykjavíkur nr.

Talið var að stjórnarmaður hefði brotið gegn lögum um hlutafélög þar sem greitt var minna en nafnverð fyrir hlutina við hlutafjárhækkun.

Frádráttur á móti dagpeningum innanlands

Ríkisskattstjóri breytti fjárhæðum vegna frádráttar á móti dagpeningum innanlands og öðluðust þær gildi 1. júní 2013.

Héraðsdómur Reykjavíkur í máli nr. E-2478/2012

B. ehf. var stofnað á árinu [...] af stærstu hluthöfum S hf. í því skyni að gera öðrum hluthöfum félagsins yfirtökutilboð og voru kaupin á hlutum í S hf. fjármögnuð með lántökum B ehf. en skuldbindingar vegna þeirra færðust til S hf. við samruna félaganna. S hf. færði til gjalda í skattskilum sínum vexti, verðbætur og gengistap af þessum fjárskuldbindingum og einnig vegna endurfjármögnunar þeirra.

Þann 16. desember 2011 endurákvæðaði ríkisskattstjóri opinber gjöld S hf. gjaldárin 2006-2010 og komst að þeirri niðurstöðu í úrskurði sínum að óheimilt hafi verið að færa til frádráttar á skattframtali S hf. gjaldárið 2006 yfirfært rekstrartap frá B ehf. vegna samruna félaganna þar sem ekki væri uppfyllt skilyrði 1. mgr. 54. gr. laga nr. 90/2003. Félögin hafi ekki haft með höndum skyldan rekstur eða starfsemi og rekstrartap B ehf. hafi ekki myndast í samskonar rekstri og S hf. hafði með höndum. Aðalstarfsemi S hf. hafi verið útgerð fiskiskipa og vinnsla sjávaraflla. B ehf. hafi verið stofnað á árinu [...] og virðist sem starfsemi félagsins hafi verið fólgin í því að halda utan um eignarhald á hlutabréfum í S hf. í þágu ákveðinna hluthafa með það að markmiði að gera öðrum hluthöfum S hf. yfirtökutilboð. Raunveruleg aðalstarfsemi S hf. annars vegar og B ehf. hins vegar, á þeim tíma sem um ræði, geti ekki talist sams konar í skilningi 1. mgr. 54. gr. laga nr. 90/2003. Þá sé ekki unnt að telja að um skyldan rekstur eða starfsemi hafi verið að ræða í skilningi ákvæðisins. Þá færir ríkisskattstjóri rök fyrir því að sameiningin hafi ekki verið gerð í venjulegum og eðlilegum rekstrartilgangi.

Í úrskurði sínum segir ríkisskattstjóri að kostnaður S hf. vegna þessa hafi ekki tengst rekstri hans og að þetta séu ekki gjöld sem eigi á árinu að ganga til að afla tekna, tryggja þær og halda þeim við heldur sé ráðstöfuninni í heild ætlað að þjóna beinum hagsmunum hluthafanna. Þannig hafi rekstrarlegir hagsmunir S hf. ekki legið að baki þessum kostnaði.

S hf. höfðaði mál og krafðist þess aðallega að úrskurður ríkisskattstjóra yrði felldur úr gildi. Héraðsdómur komst að þeirri niðurstöðu að S hf. hafi ekki verið heimilt að draga umræddan fjármagnskostnað frá tekjum sínum á árunum 2006-2010 og staðfesti þannig úrskurð ríkisskattstjóra.

Varakrafa S hf. laut að því að viðurkennt yrði að félaginu hafi ekki verið skylt að tekjufæra gengismun af lánum (endurfjármögnun) frá B ehf. þar sem ekki standist lög að gjöld vegna skuldar teljist ófrádráttarbær frá tekjum þar sem þau tengdust ekki rekstri S hf. en að skattleggja beri gengishagnað sem falli til af sömu skuld. Dómurinn hafnaði þessari kröfu S hf. með þeim rökum að þótt meginreglur sem fram komi í lögum um tekjuskatt þess efnis að allar tekjur skuli skattlagðar nema þær sem eru undanskildar því og að enginn frádráttur sé heimill nema sá sem tilgreindur er í lögum, kunni að virðast ósanngjarnar og jafnvel órökréttar verði ótvíræðum lagareglum um skattlagningu gengishagnaðar ekki vikið til hliðar með tilvísun til slíkra sjónarmiða.

Héraðsdómur Reykjavíkur í máli nr. S-663/2012

Með ákæru sérstaks saksóknara var höfðað mál gegn L fyrir að hafa sem stjórnarmaður einkahlutafélagsins BBR brotið vísitandi gegn ákvæðum laga nr. 2/1995, um hlutafélög, um greiðslu hlutafjár með því að greiða hlutafélaginu Exista minna en nafnverð fyrir 50 milljarða nýrra hluta í Exista hf.

Jafnframt höfðaði sérstakur saksóknari mál á hendur L og B fyrir að skýra vísitandi rangt og villandi frá hækkun á hlutafé Exista hf. með því að B sendi tilkynningu til hlutafélagaskrár þar sem ranglega kom fram að hækkun á hlutafé Exista hf., að nafnverði 50 milljarða króna, hefði að fullu verið greidd til félagsins þótt einungis hefði verið greitt fyrir hlutaféð með 1 milljarði hluta í Kvakki ehf. að verðmæti 1 milljarðs króna.

Málavextir eru nánar tiltekið þeir að á hluthafafundi í Exista hf. 30. október 2008 var ákveðið að heimila stjórn félagsins að hækka hlutafé þess um allt að kr. 50.000.000.000. Á

fundi stjórnar félagsins 4. desember sama ár kom fram að nauðsynlegt væri að afla nýs hlutafjár til að geta greitt vexti af sambankaláni er væri á gjalddaga 5. desember. Stjórnin ályktaði að það þjónaði hagsmunum félagsins best, miðað við aðstæður, að ganga til viðræðna við BBR ehf. í tengslum við kaup á 1.000.000.000 hlutum í Kvakki ehf. og „í kjölfar þess að auka hlutafé félagsins í kr. 50.000.000.000 með tilliti til hlutanna“. Þá kemur fram að stjórninni var kunnugt um fjárhagslega stöðu Kvakks ehf. og að engin starfsemi hafi verið í því frá stofnun.

Með kaupsamningi 8. desember 2008 keypti Exista hf. 1.000.000.000 hluta í Kvakki ehf. af BBR ehf. og greiddi fyrir með 50.000.000.000 nýjum hlutum í Exista hf.

Í samræmi við ofangreint var hlutafélagaskrá tilkynnt um hlutafjárhækkun í Exista hf. og breytingar á samþykktum félagsins. Í skýrslu endurskoðanda félagsins vegna hlutafjárhækkunarinnar segir að ákveðið hafi verið að „*hlutafé félagsins hækki að nafnverði um kr. 50.000.000.000 og með því verði heildarhlutafé félagsins kr. 64.174.767.632. Tillaga stjórnar gerir ráð fyrir að hlutafé félagsins verði því næst lækkað á hluthafafundi félagsins fyrir lok árs 2008 um kr. 62.891.272.279 til jöfnunar taps þannig að alls heildarhlutafé félagsins að því loknu verði kr. 1.283.495.353 sem skiptist þannig að kr. 1.000.000.000 verður nýtt hlutafé skv. framangreindri hækkun. Með þessu munu eigendur hins nýja hlutafjár eiga 77,9% eignarhlut í félaginu og eigendur eldra hlutafjár 22,1%.*“ Síðan segir að sem endurgjald fyrir 77,9% hlutinn í Exista leggi BBR ehf. fram allt hlutafé í Kvakki ehf., alls að nafnvirði kr. 1.000.000.000. Það var niðurstaða endurskoðandans að hluturinn í Kvakki ehf. svaraði að lágmarki til endurgjalds fyrir 77,9% hlut í Exista.

Í dómi héraðsdóms er komist að þeirri niðurstöðu að L hafi brotið gegn 1. mgr. 16. gr. laga um hlutafélög, enda hafi honum sem stjórnarmanni í BBR ehf. verið óheimilt að greiða minna en nafnverð fyrir þá.

Í síðari kafla ákærunnar segir í niðurstöðu dómsins að ósannað sé að L hafi átt þátt í að semja eða senda tilkynninguna um hlutafjárhækkun til hlutafélagaskrár. Þá segir að í tilkynningu B til hlutafélagaskrár komi ekki annað fram en það sem gerðist á stjórnarfundi Exista hf. 4. desember 2008 um hlutafjárhækkun í félaginu auk þess sem tilkynningunni fylgdi skýrsla endurskoðanda þar sem mun nákvæmari grein var gerð fyrir málinu. L og B voru báðir sýknaðir af þessum lið ákærunnar.

Reglur um breytingu á skattmati vegna frádráttar á móti dagpeningum innanlands

Frá og með 1. júní 2013 gilda eftirfarandi fjárhæðir vegna frádráttar á móti dagpeningum innanlands:

Gisting og fæði í einn sólarhring	kr. 29.400
Gisting í einn sólarhring	kr. 18.600
Fæði hvern heilan dag	kr. 10.800
Fæði í hálfan dag	kr. 5.400

Um er að ræða hækkun frá fyrri skattmatsreglum.

Skatta- og lögfræðisvið PwC

Við hjá Skatta – og lögfræðisviði bjóðum upp á margs konar þjónustu, þar með talið ráðgjöf varðandi:

- Alþjóðlega skattaráðgjöf
- Félagarétt
- Milliverðlagningu („Transfer pricing“)
- Samruna, skiptingar og yfirtökur
- Skattlagningu einstaklinga
- Skattlagningu rekstraraðila
- Virðisaukaskatt

Starfsmenn sviðsins hafa mikla reynslu og yfirgripsmikla þekkingu á sviði skatta- og félagaréttar og veita viðskiptavinum aðstoð og ráðgjöf varðandi lögfræðileg álitaefni sem skapast innanlands sem og erlendis.

Til að fá frekari upplýsingar um starfsemina er hægt að hafa samband við eftirfarandi starfsmenn:

Ábyrgðarmaður

Friðgeir Sigurðsson

Framkvæmdastjóri PwC

Sími: +354 550 5366

fridgeir.sigurdsson@is.pwc.com

Ritstjóri

Jóhanna Á. Jónsdóttir

Sviðsstjóri Skatta- og lögfræðisviðs

Sími: +354 550 5356

johanna.a.jonsdottir@is.pwc.com

PwC | Skógarhlíð 12 | 105 Reykjavík | S: 550 5300 | Fax: 550-5301 | www.pwc.com/is

Þessi samantekt felur ekki í sér ráðgjöf af neinu tagi. Ekki ætti að afhafast samkvæmt vefriti þessu án þess að fá sérfræðilega ráðgjöf. PricewaterhouseCoopers ehf., PricewaterhouseCoopers LLP, hluthafa, starfsmenn og umboðsaðilar bera ekki ábyrgð á upplýsinum sem gefnar eru í þessu vefriti eða aðgerðum sem framkvæmdar eru af hálfu annarra aðila á grundvelli þessara upplýsinga.

©2012 PricewaterhouseCoopers ehf. Allur réttur áskilinn. „PricewaterhouseCoopers“ vísar til PricewaterhouseCoopers efl. á Íslandi, nema ráða megi af samhengi eða beinum tilvisunum að vísað sé í önnur fyrirtæki innan PricewaterhouseCoopers International Limited sem öll eru lagalega sjálfstæðar einingar.